

Utanríkisráðuneytið
Reykjastræti 8
101 Reykjavík
Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 19. júní 2025

Efni: Umsögn Samorku um drög að forgangslista vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart Evrópusambandinu (ESB) fyrir árin 2024-2029, mál í samráðsgátt nr. S-94/2025

Inngangur

Samorka hefur tekið til umsagnar drög að forgangslista vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart Evrópusambandinu sem birtur var í samráðsgátt 30. maí 2025. Samorka telur að forgangslistinn sé gagnlegur til að hagsmunagæsla Íslands á þessu sviði sé skilvirk og árangursrík. Hún er sameiginlegt verkefni stjórnvalda, hagsmunasamtaka á borð við Samorku og einstakra fyrirtækja, í okkar tilviki í orku- og veitugeiranum. Samorka fagnar því að forgangslistinn er nú unninn samkvæmt endurskoðaðri aðferðafræði, sem miðar að því að greina með markvissari og skipulegri hætti þau mál þar sem talið er að Ísland kunni að hafa sérstaka hagsmuni.

Ákvörðun um að setja tiltekið mál á forgangslistann felur þá í sér að líkur séu á að grípa þurfi til sértækra aðgerða til að gæta hagsmuna Íslands, hvort sem það eru almennir eða sértækir hagsmunir. Samorka treystir því að stjórnvöld eigi síðan sérstakt samráð við íslenska haghafa þegar nauðsyn ber til.

Hagsmunagæsla Íslands gagnvart ESB mikilvæg

Sú löggjöf og regluverk sem mótar starfsumhverfi íslenskra orku- og veitufyrirtækja er að stórum hluta upprunnin frá Evrópusambandinu og tekin upp hér á landi í gegnum samninginn um evrópska efnahagssvæðið. Þess vegna er mikilvægt að í laga- og reglusetningu Evrópusambandsins í orku- og veitumálum geti íslensk stjórnvöld og hagsmunaaðilar komið sínum sjónarmiðum að sem fyrst í ferlinu þegar gæta þarf hagsmuna Íslands.

Samorka hefur þannig nýlega ráðið verkefnastjóra erlends samstarfs með aðsetur í Brussel til að efla enn frekar vöktun á Evrópureglum. Hans hlutverk er m.a. að miðla upplýsingum um þróun og undirbúning ESB-gerða til samtakanna og aðildarfyrirtækja - greina hvort þær snerti hagsmuni íslenska orku- og veitugeirans og bregðast við með viðeigandi hætti ef sú er raunin, í samráði við haghafa.

Áhersla ESB á einföldun regluverks skiptir máli

Áhersla ESB á einföldun regluverks, m.a. til að létta reglubyrði af atvinnulífinu skiptir líka máli fyrir orku- og veitugeirann. Sú einföldun felst m.a. í bandormstillögum (Omnibus) á ýmsum sviðum og mikilvægt er að þær verði íslenskum orku- og veitufyrirtækjum til hagsbóta. Nefna má bandormstillögu um einföldun regluverks á sviði sjálfbærnimála, fjárfestinga, lítil og meðalstór fyrirtæki og endurskoðun og einföldun reglugerðar um sjálfbær fjármál.

Ráðuneytið hefur metið hagsmuni Íslands þegar kemur að einföldunartillögum ESB sem almenna. Flest íslensk fyrirtæki eru lítil eða meðalstór og eru hagsmunir þeirra af því að regluverk sem hingað kemur í gegnum EES-samninginn sé ekki of íþyngjandi. Því má telja það mikilvægara fyrir íslenskt atvinnulíf í ljósi smæðar að einföldunartillögurnar nái fram að ganga. Varðandi bandormstillögu um einföldun regluverks á sviði sjálfbærnimála (e. First Omnibus package on sustainability) leggur Samorka t.d. áherslu á að breyting á gildissviði CSRD tilskipunarinnar nái fram að ganga þannig að regluverkið gildi einungis um fyrirtæki þar sem starfa 1000 manns eða fleiri.

Aðgerðir Evrópusambandsins í málefnum endurnýjanlegar orku hafa til að mynda miðað að því að einfalda og straumlínulaga leyfisveitingar og aðra ferla, bæði í þágu umhverfisins og samkeppnishæfni. Samorka hvetur til þess að stjórnvöld minnki upptökuhalla á reglugerðum um orkumál svo að Ísland verði ekki eftirbátur á sviði sem það hefur haft samkeppnisforskot á til lengri tíma. Í því samhengi er mikilvægt að árétta að ekki verði gengið lengra en lágmarkskröfur ESB kveða á um og gæta þarf vel að sérstöðu Íslands og íslenska raforkukerfisins varðandi undanþágur og aðlaganir.

Tilskipun ESB um hreinsun skólps frá þéttbýli/fráveitutilskipun (e. Urban Waste Water Treatment Directive) er yfirlýsing mikil og í henni eru kröfur sem ekki eiga við íslenskar aðstæður. Því er mikilvægt að nauðsynlegar undanþágur fáið svo ekki verði lagðar óeðlilegar byrðar á fráveitustarfsemi og sveitarfélög sem bera ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna hér á landi. Jafnframt þarf að fylgjast grannt með framkvæmd Stefnu um viðnámsþrótt vatns (e. European Water Resilience Strategy) sem ESB kynnti þann 4. júní sl. Stefnan hefur tengingu bæði við fráveitutilskipun og vatnatilskipun ESB. Loks má nefna löggjafartillögu um varnir gegn mengun yfirborðs- og grunnvatns þar sem hagsmunir Íslands eru að mati stjórnvalda almennir.

Viðskipahagsmunir, samkeppnishæfni og loftslagsmál

Þó aðferðafræði flokkunar mála á forgangslistanum sé góð má þó stundum útskýra enn frekar þá hagsmuni sem eru í húfi fyrir íslenskt samfélag og fyrirtæki. Samorka telur t.d. mikilvægt að reglugerðir um endurnýjanlegt eldsneyti af ólífrænum uppruna- rafeldsneyti (e. Renewable Fuels of Non-Biological Origin - RFNBO) kveði á um eða séu túlkaðar þannig að rafeldsneyti sem framleitt er með koltvísýringi tengdum jarðvarmanýtingu fáið skilgreint sem endurnýjanlegt eldsneyti. Þannig verði rutt úr vegi hindrunum fyrir íslensk orkufyrirtæki og samkeppnisstaða þeirra myndi styrkjast.

Þá þarf einnig að gæta sérstaklega að samkeppnisstöðu og sérstökum hagsmunum Íslands í eftirfarandi málum með því að vakta framgang þeirra og koma að sjónarmiðum Íslands eftir því sem við á.

- **Fjárfestingaáætlun um sjálfbærar samgöngur (e. Sustainable Transport Investment Plan)**
- **Reglugerð um vistvænt flugvélaeldsneyti (e. RefuelEU Aviation)**
- **Hreinatvinnustefna - vegvísir til aukinnar samkeppnishæfni og afkolunar. (Clean Industrial Deal)**
- **Aðgerðaáætlun um bætt aðgengi að orku á viðráðanlegu verði (e. Affordable Energy Action Plan).**

Samorka vekur einnig athygli á að Evrópusambandið hyggst efla hlut jarðvarma í orkuframleiðslu með sérstakri aðgerðaáætlun (e. Geothermal Action Plan) sem framkvæmdastjórn ESB hyggst birta snemma á næsta ári. Íslensk orkufyrirtæki eru leiðandi á heimsvísu í nýtingu jarðvarma til rafmagnsframleiðslu og húshitunar og í aðgerðaáætluninni felast ýmis sóknarfæri fyrir þau til að skapa verðmæti með útflutningi á þjónustu og þekkingu. Grundvallarhagsmunir felast í því að evrópsk löggjöf á þessu sviði raski ekki fyrirbyggjandi starfsemi jarðvarmanýtingar á Íslandi. Stjórnvöld eru því hvött til að fylgjast

grannt með þessu máli í samráði við haghafa og koma sjónarmiðum Íslands á framfæri til hagsbóta fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélag.

Íslensk stjórnvöld meta það nú svo að „fókus ESB hafi nú færst til“ og hann sé í grunninn settur á atvinnuuppbyggingu en síður á umhverfismarkmið. Samorka telur að hreinir orkugjafar séu lykillinn að framgangi loftslagsmarkmiða og öflugra atvinnulífi.

Samvinna ríkja í loftslagsmálum er mikil. Hreinorkuvæðingin krefst grundvallarbreytinga á samfélagi og atvinnulífi og kröfur stjórnvalda marka rammann. Samhliða leitast ESB og aðildarríki við að styðja með margvíslegum hætti við nýsköpun fyrirtækja og margvíslegar fjárfestingar tengdum losunarmarkmiðum og hreinorkuvæðingu. Mikilvægt er að íslensk fyrirtæki standi jafnfætis öðrum fyrirtækjum á evrópska efnahagssvæðinu þegar kemur að möguleikum til að afla styrkja eða fyrirgreiðslu til að taka þátt í slíkum verkefnum.

Niðurstaða

Evrópusambandið leggur þunga áherslu samkeppnishæfni í stefnumörkun sinni fyrir árin 2024-2029. Í því augnamiði ætlar ESB að auka stórlega hlut endurnýjanlegra orkugjafa og styrkja flutnings- og dreifikerfi raforku. Þannig náist markmið um orkuöryggi, orkunýtni, kolefnishlutleysi og öflugra atvinnulíf sem byggja á sjálfbærum lausnum og stafrænum umskiptum. Þessi stefnumörkun er nú þegar að raungerast með margvíslegum hætti og mun óhjákvæmilega skila sér í stefnumótun og lagasetningu ESB á næstu árum. Hún hefur síðan áhrif hér á landi í gegnum upptöku ESB-orkugerða í EES-samninginn og innleiðingu í íslenska löggjöf. Sama gildir um evrópskt regluverk á sviði veitumála, vatnsverndar og umhverfismála almennt, þar sem tilskipanir ESB og stefnumörkun hafa nú þegar haft víðtæk áhrif hér á landi. Ljóst er að enn frekari breytingar eru í pípunum á því sviði líkt og í orkumálunum.

Samorka telur því afar mikilvægt að forgangslisti vegna hagsmunagæslu Íslands gagnvart Evrópusambandinu (ESB) fyrir árin 2024-2029 verði sem best úr garði gerður. Hann þarf að vera öflugt verkfæri til að gæta hagsmuna Íslands á þessum vettvangi. Með því styrkist samkeppnishæfni og staða íslenskra fyrirtækja sem um leið eflir hagsæld hér á landi. Samorka og íslenski orku- og veitugeirinn eru tilbúin að leggja sitt af mörkum og það á einnig við um hin mikilvægu markmið í loftslagsmálum þar sem hagsmunir okkar allra fara saman.

F.h. Samorku

Sveinn Helgason

Verkefnastjóri erlends samstarfs

Sverrir Falur Björnsson

Verkefnastjóri stefnumótunar og
hagsmunagæslu